

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1150/2016 um stuðning í nautgriparækt.

1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða: Þrátt fyrir 2. tl. 1. mgr. 20. gr. skal sláturálag á nautakjöt af gripum sem slátrað er frá 1. janúar 2017 til og með gildistöku degi reglugerðar þessarar uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a. Nautakjöt falli í gæðaflokkana UNI úrval eða UNI A, B og C.
- b. Lágmarksþyngd grips sé 250 kg.
- c. Gripur sé yngri en 30 mánaða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. apríl 2017.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.